

## Bréf

Alþingi,  
nefndasvið,  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 29. apríl 2015  
2015040012

### **Efni: Frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (full niðurgreiðsla vegna flutnings og dreifingar), 698. mál.**

Frumvarpið var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. apríl 2015.

Neðangreind ályktun var samþykkt á Búnaðarþingi 2015 sem haldið var í mars síðastliðnum. Með vísan til hennar eru Bændasamtök Íslands fylgjandi því að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi.

Virðingarfyllt,  
f.h. Bændasamtaka Íslands,  
Elías Blöndal Guðjónsson

## **Raforkuverð í dreifbýli - jöfnun húshitunar**

**Markmið**

Styrkja búsetu með jöfnun á kostnaði við húshitun.

**Leiðir**

Jöfnun til húshitunar er háð framlögum í fjárlögum. Í ár eru veittar 1.478 milljónir til jöfnuðar húshitunar á köldum svæðum. Til þess að markmið laga nr. 78/2002 um fullan jöfnuð náist þarf að hækka framlagið um 350 milljónir króna.